



MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 3. tbl. 50. árg. sep. 2022
ábm. Guðjón Idir

Lífspekifélag Íslands, Ingólfsstræti 22, pósthólf 1257. Reykjavík.

Sælir kærur félagar!

Nú er 100 ára afmælið að skella á! Andleg veisla verður haldin 8. október. Félagið á ríkulega sögu tengt andlegri menningu þjóðarinnar og góð ástæða til að halda upp á það.

Stórt skref var stigið núna á haustdögum þegar Lífspekifélagið fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag og þar með fékk réttindi og skyldur eins og trúfélag. Fræðslan mun halda áfram eins og áður fyrir félagið. Við hvetjum þá sem vilja (ekki skylda) að skrá sig í Lífspekifélagið hjá Þjóðskrá. Sóknargjöld þeirra, sem breyta skráningu sinni hjá Þjóðskrá renna þá til Lífspekifélagsins. Félgasgjöld eru greidd eins og áður.

Grundvallarmunur er á starfi Lífspekifélagsins og trúfélaga almennt, þar sem félagið snýst ekki um réttar kenningar heldur um spurningar og skoðun á þeim eins og heimspekiskólar til forna. Einkunnarorð félagsins (Engin trúarbrögð eru Sannleikanum æðri) benda á að að innri víska (theosophia) kemur af beinni reynslu af hinu heilaga. Þetta ferli verður ekki á bók skráð eða í orðum tjáð. Þetta er leið sem hver einstaklingurinn getur farið innra með sér. Sumar hefðir nota tákni og aðrar ekki. Sumar nota sögur og aðrar ekki. Sumir velja einfaldleikann og snúa fyrst og fremst að vitundinni og að læra að vaka og dvelja með vitundinni. Allar þessar leiðir geta verið hjálplegar og hugmyndir lífspekings/guðspekinga er að við höfum mismunandi eðli (geislarnir sjö) og þurfum mismunandi leiðir í samræmi við það. Það þýðir líka að við þurfum að bera virðingu fyrir öðrum leiðum en okkar eigin.

Nú í haust má segja að starfsemi félagsins sé að hefjast af fullum krafti í kjölfar nokkra ára Covid-19 faraldurs. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á salnum á 1. hæð, m.a. nýtt hljóðkerfi og nýr skjávarpi auk þess sem bækur hafa að mestu verið fluttar upp á bókasafn og Búddastyttan komin niður í salinn. Kvöldfyrirlestrar verða nú á miðvikudögum kl. 20, til reynslu, með það að markmiði að sjá hvort félagar eiga auðveldara með að sækja fundi og, ekki hvað síst, finna stæði í grennd við

húsið á Ingólfsstræti 22. Það á að reyna að hafa tónlist í upphafi funda til að skapa stemningu. Laugardagsfundir verða á sínum stað og með sama sniði.

Í vor var kjörin ný stjórn í félaginu og tók Haraldur Erlendsson við embætti deildarforseta og nokkrir nýir félagar tóku sæti í stjórninni. Þá tók Pétur Pétursson prófessor emeritus við ritstórn Ganglera. Jón Ellert Benediktsson og Birgir Bjarnason fóru úr embættum sínum og eru þeim færðar þakkir fyrir að sín óeigingjörnu störf. Einar Bergmundur Bóasarson mun leiða þjónustuskýldur félagsins (giftingar og jarðarfarir).

Á haustmisseri erum við að setja upp góð upptökutæki og munum veita aðgang að efninu síðar fyrir þá sem hafa áhuga á. Þá erum við að byrja með hlaðvarpa en það er enn í þróunarferli. Við munum gera tilraunir með að streyma lifandi efni í vetur fyrir þá sem ekki komast.

Haraldur Erlendsson og Einar Bergmundur

Sérstök dagskrá verður 8. október frá kl. 14:00 til 18:00 í tilefni af **100 ára afmæli félagsins**. Þá verða haldin stutt erindi, lifandi tónlist, hugleiðingar og hreyfing auk veitinga. Fjallað verður um sögu félagsins, um Sigvalda Hjálmarssyni, sögu jóga á Íslandi, sögu H.P. Blavatsky. Martinus og Erlu Stefánsdóttur sjáanda. **Sjá nánar á lifspekifelagid.is**. Við biðjum þá sem mæta að gefa félaginu 4.000 kr. í tilefni af afmælinu.

Fræðslufundir félagsins eru öllum opnir og endurgjaldslausir. **Við biðjum þó gesti að styrkja félagið með 1.000 kr. til að standa undir veitingum og aðstöðu.**

Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 6. maí. kl. 20 2023.

Fastir liðir í húsinu:

Þriðjudagar kl. 18:00: Qigong (Anna Bjarnadóttir frá 20. september til 13. desember).

Miðvikudagar kl. 18:00: Sri Vidya hugleiðing (Haraldur Erlendsson frá 7. september til 30. nóvember) Það þarf að skrá sig í hópinn í september. Húsið lokar 18:05.

Miðvikudagar kl. 20:00: Fræðsla (frá 21. September til

30. nóvember). Byrjar með stuttri hugleiðingu og tónlist. Veitingar í lokin.

Föstudagar kl. 19:00: Cacao seremónía (Óli Ben frá 9. september til 16. desember. Haldið mest á ensku).

Laugardagar kl. 15:00: Fræðsla. (Frá 1. október til 26. nóvember. Þá verður stutt fræðsla, veitingar og svo hugleiðsla og samræður.

Sunnudagar kl. 10:00: Hugleiðing (Jón Pétur Þorsteinsson frá 11. september til 27. nóvember).

Sunnudagar kl. 11:00: Les Hringur (Jón Ben. frá 25. september til 7. desember).

Þá mun Melkorka Edda Freysteinsdóttir bjóða upp á lestur með tarot spilum eftir samkomulagi: melkorkaedda@gmail.com

Haustdagskrá:

Laugardagur 9.10 (Blavatsky) Jón Ellert Benediktsson verður með hugleiðingu á fullu tungli kl 20.

Fimmtudagur 15. 9: Kl. 19:30 Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson kynna myndina La montaña sagrada/ The Holy Mountain (Alejandro Jodorowsky: 1973).

Laugardagur og sunnudagur 17. 9 - 18. 9: Heimsljós (Lágafellsskóla 14:00 laugard. 15:00 sunnud.) hugleiðing og borð sem kynnir félagið.

Miðvikudagur 21. 9: Ásta Óla fjallar um vedíska stjörnuspeki, guðina og manninn og áhrif stjarnanna á manninn og örlögin.

Laugardagur - sunnudagur 24. 9 - 25. 9: Ásta Óla verður með námskeið um vedíska stjörnuspeki 10:00-18:00 báða dagana, gjald 20.000.

Miðvikudagur 28. 9 (Dögun): Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur fjallar um erkitýpur, náttúrulögmál og orkuflæði.

Laugardagur 1. 10 (Dögun): Hrafnhildur Sigurðardóttir fjallar um tákni í draumum og hugleiðslu.

Miðvikudagur 5. 10 (Reykjavíkurdeildin): Kristján Sveinsson sagnfræðingur fjallar um feril Sigvalda Hjálmarssonar og fer yfir helstu verk hans.

Laugardagur 8. 10: Afmæli Lífspekifélagsins kl 14:00-18.00.

Sunnudaginn 9.10 (Blavatsky): Jón Ellert Benediktsson verður með hugleiðingu á fullu tungli kl 20.

Miðvikudagur 12. 10 (Mörk): Pétur Pétursson próf. og Haraldur Erlendsson fjalla um nýja bók, *Völuspá*.

Fimmtudagur 13. 10: Kl. 19:30 Pétur Pétursson kynnir mynd um Andrey Rúblev íkonamálara, *Андрей Рублёв*, Andrei Tarkovsky: 1966.

Laugardagur 15. 10 (Mörk): Pétur Pétursson og Haraldur Erlendsson ræða um nýja bók, *Völuspá*

Miðvikudagur 19. 10 (Martinus): Hilmar Sigurðsson heldur erindi um þróunarstig hinnar eilífu veru og hina eilífu veru handan dauðans.

Laugardagur 22. 10 (Martinus): Hilmar Sigurðsson

heldur erindi um dómsdag og hið deyjandi afl - myrkrið og fæðing ljóssins.

Miðvikudagur 26. 10 (Septima): Pétur Gunnarsson heldur erindið *Myndir af heiminum*.

Laugardagur 29. 10 (Septima): Gunnlaugur Garðarsson guðfræðingur ræðir um lífssýn og heimsmyndir í framhaldi af erindi Péturs Gunnarssonar.

Miðvikudagur 2. 11 (Reykjavíkurdeildin): Myndband Sigvalda Hjálmarssonar þar sem hann fjallar um *Rödd þagnarinnar* eftir H. P. Blavatsky.

Fimmtudagur 3. 11: Guðmundur Ragnar Guðmundsson kynnir Huin Kui ættbálkurinn frá Brasilíu.

Laugardagur 5. 11 (Reykjavíkurdeildin): Helgi Garðar Garðarsson geðlæknir fjallar um skoðun á ævintýrum sem leið til að heila sálina.

Mánudagur 7.11 (Blavatsky): Jón Ellert Benediktsson verður með hugleiðingu á fullu tungli kl 20.

Miðvikudagur 9. 11 (Dögun): Arnar Þór Jónsson lögfræðingur flytur erindi um lýðræði og ábyrgð einstaklingsins.

Laugardagur 12. 11 (Dögun): Arnar Þór Jónsson lögfræðingur flytur erindið *Láttu ljós þitt skína (þekktu sjálfan þig)*.

Miðvikudagur 16. 11 (Mörk): Jón Björnsson sálfræðingur fjallar um illskuna og andstæður í nútíma þjóðfélaginu.

Fimmtudagur 17. 11: Kl. 19:30 Bjarni Randver Sigurvinsson kynnir myndina *Adi Shankaracharya, The Philosopher*, G.V. Iyer: 1983.

Laugardagur 19. 11 (Mörk): Gunnlaugur Garðarsson guðfræðingur ræðir trúar heimspekilegar þælingar um hið illa.

Miðvikudagur 23. 11 (...): Pétur Pétursson guðfræðingur heldur erindi um sögu heilagrar Maríu guðsmóður og stöðu í kirkjunni fyrr og nú.

Laugardagur 26. 11 (...): Einar Gröndal fjallar um Rósinkransinn, uppruna hans og notkun.

Miðvikudagur 30. 11 (Baldur): Pétur Halldórsson listamaður fjallar um bók sína *The Measure of the Cosmic* og hina væntanlegu *Cosmic Image*.

Laugardagur 3. 12 (Baldur): Pétur Halldórsson listamaður fjallar um heimsmyndar þælingar - framhald.

Miðvikudagur 7. 12 (Blavatsky): Jón Ellert Benediktsson verður með hugleiðingu á fullu tungli kl 20.

Fimmtudagur 15. 12: Kl. 19:30 Bjarni Randver Sigurvinsson kynnir írönsku myndina um Maríu mey, *Maryam-e Moghaddas Saint Mary*, Shariar Bahrani: 2001.

Sjá nánar um dagskrána á heimasíðu félagsins: lífspekifelagid.is og á Facebook. Almennar fyrirsurnir eða um Ganglera sendist á: postur@lífspekifelagid.is